



**Árþing Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar
á Norðurlandi eystra, SSNE
14.-15. apríl 2023
Skýrsla stjórnar**

Þingforseti, þingfulltrúar og aðrir gestir,

Liðið starfsár var sannarlega fjölbreytt og gefandi hjá okkur í SSNE og héldu samtökin áfram að vaxa og dafna, þrátt fyrir umtalsverðar breytingar á árinu. Eins og fram kom á fyrra aukþingi í september sl. þá tók ný stjórn við í júní í kjölfar sveitarstjórnarkosninga, en samstarf innan stjórnarinnar hefur verið til mikillar fyrirmyndar. Þá er vert að minnast þess að á sama tíma og ný stjórn kom til starfa tók við nýr framkvæmdastjóri samtakanna.

Ég vil annars hefja þessa skýrslu á að þakka fyrrum formanni, Hildu Jönu Gísladóttur, og fyrri stjórn fyrir sérstaklega vel unnin störf á erfiðum tíma þar sem ekki aðeins var verið að byggja upp nýtt félag við sameiningu þriggja félaga, heldur þurfti að gera það og efla samstarfið í landshlutanum á sama tíma og Covid-19 faraldurinn stóð sem hæst.

Sömu þakkir má færa starfsfólki samtakanna sem stóð sannarlega sína plikt í störfum sínum á síðasta ári í gegnum þær breytingar sem urðu á starfsemi félagsins. Það er dýrmætt fyrir félagið að hafa framúrskarandi starfsfólk sem vinnur jafn ötullega að framgangi og uppbyggingu félagsins og raun ber vitni.

Stjórn SSNE fundar alla jafna í fjarfundi, en haldnir voru þrjár staðfundir á síðastliðnu ári. Þeir voru haldnir á Grenivík í mars, á Akureyri í ágúst og svo var einn staðfundur sem fram fór á Stéttinni, Húsavík þann 9. desember. Það var ánægjulegur dagur, en ekki aðeins fundaði stjórnin heldur var Stéttin formlega opnuð af Forseta Íslands við hátíðlega athöfn þennan sama dag. Það verður spennandi að fylgjast með samfélaginu á Stéttinni vaxa og dafna í framtíðinni en þarna fer fram virkilega dýrmætt starf fyrir landshlutann, ef ekki landið allt.

Annars var margt fleira gleðilegt sem gerðist á árinu. Okkur tókst loks að halda ársfund þar sem þingfulltrúar mættu í persónu á Húsavík í apríl, sem og aukþing

í Eyjafjarðarsveit í september, og þá var seinna aukabing SSNE haldið í desember en það fór fram í fjarfundi.

En á árinu voru einnig haldnir fjölmargir viðburðir sem samtökin stóðu að sjálf og í samvinnu við aðra. Þannig voru meðal annars haldnir á árinu opnir súpufundir um starfsemi SSNE á Tröllaskaga og fundur um orkumál á Húsavík, Norðanáttin blés á Siglufirði í apríl, haldið var málþing um listnám á háskólastigi á Akureyri og ráðstefna um innviði – áskoranir í íbúðauppbýggingu og orkuöflun í apríl í samstarfi við Landsnet og Samtök iðnaðarins.

Þá tókum við á móti samstarfshópi stjórnarráðsins um Byggðamál á Akureyri í haust þar sem farið var yfir hvernig gengið hefur að vinna að markmiðum Sóknaráætlunar Norðurlands eystra, auk þess sem formenn og framkvæmdastjórar hinna landshlutasamtakanna heimsóttu okkur í september og funduðum við með þeim á Akureyri og á Húsavík. Þá áttum við Albertína, ásamt Helga Héðinssyni og Katrínu Sigurjónsdóttur fund með innviðaráðherra og starfsfólki ráðuneytisins í október til að fylgja eftir ályktunum aukabingsins í september.

Það er annars ýmislegt sem ástæða er til að ræða við ráðherra þessa dagana. Annars vegar þurfum við að halda vel á lofti hagsmunum landshlutans í tengslum við samgönguáætlun sem væntanlega verður lögð fram í þinginu í maí og hins vegar þurfum við halda áfram samtalinu við ráðuneytið um niðurfellingu skulda SSNE við Vegagerðina sem er arfleifð frá Eyþingi og ég geri ráð fyrir að endurskoðandi okkar komi inn á hér á eftir. Vonandi tekst okkur að klára það mál hið fyrsta og verður kraftur settur í það að ganga frá því á árinu en það hefur alltaf legið skýrt fyrir af hálfu SSNE og áður Eyþings að þessi skuld er ríkisins en ekki okkar.

Í því samhengi er rétt að nefna samgöngu- og innviðastefnu Norðurlands eystra sem unnið hefur verið að síðan á síðasta ári. Þetta verkefni var kynnt á ársþinginu okkar á Húsavík í fyrra en í kjölfarið var skipaður starfshópur með fulltrúum allra sveitarfélaga á starfssvæði okkar, auk þess sem Svanfríður Inga Jónasdóttir var ráðin til að stýra umræðum í starfshópnum í samstarfi við RHA. Fyrsti fundur í hópnum var haldinn 17. maí 2022 en þá lá fyrir að töluverðar mannabreytingar yrðu í kjölfar sveitarstjórnakosninga og sameiningu sveitarfélaga, en engu að síður var talið mikilvægt að koma vinnunni af stað. Eftir kosningar var því umboð allra í starfshópnum endurnýjað og var eftirfarandi hópur skipaður til verksins:

Andri Teitsson, Akureyrarbæ

Helga Íris Ingólfssdóttir, Dalvíkurbyggð

Jónas Þór Jónasson, Hörgársveit

Linda Margrét Sigurðardóttir, Eyjafjarðarsveit

Pröstur Friðfinnsson, Grýtubakkahrepp

Sigríður Ingvarsdóttir, Fjallabyggð

Sigurður Þór Guðmundsson, Langanesbyggð

Bergur Elías Ágústsson, Norðurþingi

Jóna Björg Hlöðversdóttir, Þingeyjarsveit

Þórunn Sif Harðardóttir, Svalbarðsstrandarhrepp

Vonir stóðu til að hægt yrði að leggja fram stefnuna til samþykktar hér á þessu þingi, en af ýmsum ástæðum náðist það því miður ekki. Vinnan við stefnuna er samt sem áður langt á veg komin og er ætlunin að boða til sérstaks aukabings og málþings um samgöngumál í maí þar sem stefnan verður lögð fram til samþykktar, auk þess sem ætlunin er að óska eftir þátttöku ráðuneytis, Alþingis og þeirra stofnanna og fyrirtækja sem koma að þessum málum. Við vonumst til þess að þannig verði hægt að skapa gagnlegar umræður um stöðu samgöngu- og innviðamála á Norðurlandi eystra og koma sjónarmiðum okkar vel á framfæri inn í umræðu um samgönguáætlun sem þá mun væntanlega vera farin af stað á Alþingi.

Eins og alltaf var Sóknaráætlun Norðurlands eystra og meðfylgjandi aðgerðaráætlun leiðarljósið sem unnið var eftir á árinu. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar hafa mörg hver tekið á flug og voru fjölmörg ný og spennandi verkefni sett af stað á árinu 2022.

Í samræmi við ákvörðun fyrra ársþings var aukinn þungi settur í umhverfismálin á árinu 2022, en á árinu voru tveir verkefnastjórar sem sinntu umhverfistengdum verkefnum. Nokkuð mikil vinna fór í að vinna svæðisáætlun úrgangsmála fyrir Norðurland en þeirri vinnu lýkur nú í vor. Þá höfum við sett af stað Spretthópavinnu sem var einmitt kynnt var á aukabinginu í desember, auk þess sem nokkur tími fór í lok árs í frumhagkvæmnimat líforkuvers í Eyjafirði og er sú vinna enn í gangi.

Frá því að samtökin voru stofnuð hefur SSNE verið þátttakandi í tveimur Brothættra byggða verkefnum; Glæðum Grímsey og Betri Bakkafjörður. Bæði

Þessi verkefni gengu vel á árinu 2022, en verkefninu Glæðum Grímsey lauk um áramót eftir að hafa verið í gangi frá árinu 2015. Það má með sanni segja að Grímseyingar hafi tekið höndum saman á verkefnistímanum og unnið að mörgum framfaramálum í eygni. Verkefninu Glæðum Grímsey var ætlað að sporna við fækkun íbúa og styðja við atvinnusköpun. Þrjú verkefnisstjórar hafa haldið utan um verkefnið á tímabilinu, þær Helga Íris Ingólfssdóttir, Karen Nótt Halldórsdóttir og nú síðast, undanfarið eitt og hálf ár, Arna Björg Bjarnadóttir og ég vil nota tækifærið og þakka þeim öllum góð störf í þágu samfélagsins í Grímsey. Þrátt fyrir að verkefninu sé lokið mun SSNE auðvitað halda áfram að styðja við íbúa í Grímsey eins og mögulegt er, líkt og við aðrar byggðir á starfssvæðinu. Verkefnið Betri Bakkafjörður er hins vegar í fullum gangi, a.m.k. út þetta ár, undir dyggri verkefnastjórn Gunnars Más Gunnarssonar.

Fjöldmargt fleira mætti nefna úr starfi SSNE á árinu 2022, til að mynda aukið samstarf landshlutasamtakanna og stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, en þar er búið að koma á mánaðarlegum samráðsfundum formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna og stjórnar Sambandsins sem ég tel vera mjög mikilvæga. Þá má nefna bókun stjórnar SSNE um lækkað fjármagn til sóknaráætlana og atvinnuráðgjafar, nýjan samning við Byggingastofnun um atvinnuráðgjöf, nýjan samning um samstarf við Íslandsstofu og fleira.

Mig langar hér í lokin aðeins að tæpa á því sem verður viðfangsefni okkar hér á eftir. En allt frá því að núverandi stjórn tók til starfa á síðasta ári hefur hún rætt um þörfina á samþykktarbreytingum. Stjórnin samþykkti að fara í endurskoðun þeirra seinni hluta síðasta árs og liggja tillögur stjórnarinnar fyrir ársþinginu til afgreiðslu nú á eftir.

Þetta eru nokkuð umfangsmiklar breytingatillögur þó flestar séu minniháttar. Umfangsmestu tillögurnar snúa annars vegar að fjölda þinga og hins vegar að fjölda stjórnarmanna. Ég mun kynna tillögurnar betur hér á eftir, en mér fannst mikilvægt að hér kæmi fram að stjórn SSNE telur það mikið sanngirnismál að öll sveitarfélög landshlutans eigi fulltrúa í stjórninni. Við teljum að það muni efla samtökin enn frekar og mikilvægt að raddir sveitarfélaganna allra fái að hljóma í starfi SSNE. Ég er þess fullviss að ef þessi tillaga verði samþykkt munum við standa enn samheldnari og sterkari landshlutanum til hagsbóta.

Starfsemi SSNE grundvallast á samvinnu og er það sú samvinna sem skilar þeim sköpunarkrafti sem í samtökunum búa. Það er lykilatriði að við kjörnir fulltrúar, í samstarfi við starfsfólk SSNE, höldum áfram að byggja upp þennan dýrmæta samstarfsvettvang okkar. Stuðla þarf einnig áfram að öfluggu samstarfi

samtakanna við ríkisvaldið og atvinnulífið. Saman tryggjum við bjarta framtíð landshlutans og áframhaldandi uppbyggingu.

Kæru þingfulltrúar og aðrir gestir,

fyrir hönd stjórnar SSNE býð ég ykkur velkomna á ársþing SSNE hér á Siglufirði. Það er virkilega ánægjulegt að sjá hve mætingin er góð, en hún gefur okkur fyrirheit um gott og gagnlegt samtal hér á þinginu samtökunum og sveitarfélögunum til heilla. Það býr mikill kraftur í SSNE en samstaðan sem ríkir á milli kjörinna fulltrúa og starfsfólks samtakanna skiptir sköpum til að sem mestur og bestur árangur náist í málefnum samtakanna og sveitarfélaganna sem þau mynda.

Ég ætla nú ekki að hafa þessi upphafsorð hér á þinginu mörg þar sem ég mun innan skamms flytja skýrslu stjórnar. En við þurfum að tilnefna starfsfólk þingsins.

Ég geri það að tillögu minni að Sigríður Ingvarsdóttir, bæjarstjóri í Fjallabyggð verði þingforseti. Eru einhverjar athugasemdir við þá tillögu? Ef svo er ekki lít ég svo á að hún sé samþykkt.

Þá legg ég til að Díana Jóhannsdóttir og Elva Gunnlaugsdóttir verkefnastjórar SSNE verði þingritarar. Ef engar athugasemdir eru við þá tillögu lít ég svo á að hún sé samþykkt.

Okkur er þá ekkert að vanbúnaði og best að snúa sér að dagskrá þingsins og fel ég þá Sigríði þingforseta stjórnina.